



Samþykkt fyrir Öldungaráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Umboð

1.gr.

Öldungaráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar starfar í umboði sveitarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagafjarðar nr. 961/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2.gr.

Öldungaráðið skal vera sveitarstjórn, nefndum og ráðum Sveitarfélagsins Skagafjarðar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni íbúa sveitarfélagsins sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi sveitarfélagsins við eldri borgara búsetta í sveitarfélaginu, móta stefnu og gera tillögur til byggðarráðs sem varðar verksvið þess. Ráðið er ekki framkvæmdaaðili.

3.gr

Öldungaráðið er vettvangur samráðs íbúa sveitarfélagsins sem eru 67 ára og eldri og sveitarstjórnar og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi sveitarfélagsins í málaflokknum og kemur að kynningu á þjónustu sveitarfélagsins við eldri borgara.

Skipan

4.gr.

Öldungaráðið er skipað fjórum fulltrúum og jafnmörgum til vara. Sveitarstjórn kýs tvo fulltrúa og tvo til vara. Félag eldri borgara tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara, sem allir verða að eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði. Sveitarstjórn kýs formann ráðsins en öldungaráðið sjálft kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og sveitarstjórnar.

Verkstjórn og verkaskipting

5.gr.

Formaður ráðsins er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Öldungaráðið er vistað á Fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Sviðsstjóri Fjölskyldusviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu þess.



Boðun funda og fundarsköp

6.gr.

Öldungaráðið skal að jafnaði halda fund einu/tvisvar á ári auk opins fundar árlega með sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum.

Formaður öldungaráðsins boðar til funda, ákveður dagskrá og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að verði tekin þar fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagafjarðar nr. 961/2013 eftir því sem við á.

Ráðið getur boðað til fundar einstaka starfsmenn sveitarfélagsins með málfrelsi og tillögurétt.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

7.gr.

Öldungaráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstaka fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til sveitarstjórnar jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Málsmeðferð

8.gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna. Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu ráðsins skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar.

Um hæfi kjörinna fulltrúa vísast í samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagafjarðar nr. 961/2013.